

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 27. maí 2021

**Umsögn, þingsályktun um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, mál 640, 151. löggjafarþing.**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á fundi sínum þann 26. maí 2021, eftirfarandi umsögn.

Umfang sjókvíaeldis hefur vaxið hratt á síðustu þrem árum eftir áralangan undirbúning og söfnun reynslu á aðstæðum. Breytingar á laga og regluverki urðu aðkallandi er leið á síðasta áratug en voru lengi í undirbúningi. Ákveðin áfangi náðist með endurskoðun fiskeldislaga og setningu laga um Fiskeldissjóð með gildistöku árið 2019.

Langtímastefnumörkun atvinnugreinarinnar komst áleiðis árið 2017 og kom m.a. vinnu af stað fyrir framangreindum lagabreytingum, en gert var hlé á áframhaldandi vinnu við stefnumörkun og er aðkallandi að hún hefjist að nýju.

Það er mat stjórnar Fjórðungssambandsins að núverandi lög og reglugerðir byggji í raun á stöðu og forsendum sem voru uppi fyrir um fimm árum síðan. En nú þegar sjókvíaeldi er að festa sig í sessi, þá sé rétt að hefja endurskoðun á framkvæmd regluverksins.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður því markmið þingsályktunarinnar að hafin verði endurskoðun á laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, með áherslu á hvernig megi tryggja, að afrakstur atvinnugreinarinnar skili sér til sveitarfélaga á skilgreindum fiskeldissvæðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur til þá breytingu á þingsályktunni að við stofnun starfshópsins verði tryggð aðild fulltrúa í starfshópnum frá vestfirskum sveitarfélögum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.